

Skóladagatal Heiðarskóla

2025 - 2026

Nánari skýringar á skóladagatali

Lög segja til um fjölda skóladaga nemenda og fjölda skipulagsdaga kennara bæði á skólatíma og á undan og á eftir skólaárinu. Á tímabilinu frá 25. ágúst til 10. júní skulu nemendur fá 180 skóladaga, þar af 170 samkvæmt stundaskrá en 10 daga má nýta á annan hátt. Starfsdagar kennara eru 5 á starfstíma nemenda (**merktir grænir**) og átta dagar þess utan (**merktir gulir**). Þá daga sem gera má ráð fyrir að breytingar verði á stundaskrá kennara köllum við ýmist uppbrotsdaga eða skerta daga og eru þeir merktir sérstaklega á skóladagatal.

Uppbrotsdagar (**bláir á skóladagatali**) eru einstaka skóladagar þar sem stundatöflu nemenda er breytt verulega en upphaf og lok skóladags er því næst þau sömu. Þessir dagar mega vera 10 talsins á hverju skólaári. Uppbrotsdagur getur verið hálfur dagur eða hluti dags.

Skertir skóladagar (**fjólubláir á skóladagatali**) nemenda teljast ekki til uppbrotsdaga og geta verið 10 talsins skv. ákvörðun menntamálaráðuneytis og er m.a. átt við skólasetningar- og skólaslitadaga, samtalsdaga, jólaskemmtanir, öskudag, árshátíð og annað sem skólastjóri ákveður í hverjum skóla.

Að öðru leyti skipuleggja skólastjóri og kennarar skólaárið. Skóladagatalið er birt á heimasíðu skólans.

Birt með fyrirvara um breytingar.

15.-22. ágúst	Starfsdagar hjá starfsfólki Nesskóla eftir sumarfrí.
25. ágúst	Skólasetning. Viðtöl hjá nem og foreldrum í 1. bekk
26. – 29. ágúst	Uppeldi til ábyrgðar. Nemendur vinna að verkefnum tengdum stefnu skólans til að hafa að leiðarljósi inn í skólaárið.
5. september	Ljósanæturskemmtun. Skertur skóladagur
8. september	Alþjóðlegur dagur læsis. Nemendur vinna að ýmsum lestrartengdum verkefnum.
25. september	Markmiðasetningardagur. Foreldrar/forráðafólk og nemendur hitta umsjónarkennara í samtali og gera námsmarkmið fyrir skólaárið.
1.-3. október	Heilbrigðis- og forvarnardagar. Unnið að ýmsum verkefnum tengt Heilsu og forvarnaviku Reykjanesbæjar.
15. október og 20. október	Vetrarfrí
16. – 17. Október	Starfsdagar. Þessa daga munu starfsfólk skóla fara á endurmenntunarnámsmkeið tengd farsældinni.
7. nóvember	Háttvísidagur. Nemendur vinna að verkefnum tengd háttvísi. 8. nóv er baráttudagur gegn einelti. Verkefni dagsins tengjast Háttvísi og saman gegn einelti.
17. nóvember	Starfsdagur. Sameiginlegur með öllum grunnskólum í Reykjanesbæ.
25. nóvember	Jólaskreytingardagur. Nemendur vinna að skreytingum um skólann og í sinni heimastofu.
19. desember	Jólahátíð. Litlu jól og jólaskemmtun nemenda
5. janúar	Starfsdagur kennara. Undirbúningur fyrir vorönnina.
2. – 6. febrúar	Vika 6. Nemendur vinna að verkefnum tengdum viku 6 er varðar kynheilbrigði.
10. febrúar	Matsdagur. Foreldrar/forráðafólk og nemendur hitta umsjónarkennara í samtali og fara yfir námsmat sem komið er og gera markmið fyrir vorönnina sem eftir er.
18. febrúar	Öskudagur. Skemmtileg verkefni og gleðidagur.

19. febrúar	Starfsdagur
20. febrúar	Vetrarfrí
20. mars	Árshátíð nemenda Heiðarskóla.
16. apríl	Hugvitsdagur. Nemendur vinna að verkefnum hluta skóladagsins tengt Hugviti.
22. apríl	Skertur skóladagur. Nemendur eru í skólanum frá 8.10 – 10.30
30. apríl	BAUN. Barna og ungmennahátíð Reykjanesbæjar hefst. Skólarnir vinna að ýmsum verkefnum í þessari hátíð.
21. maí	Dagur menningarlegrar fjölbreytni. Nemendur vinna að verkefnum tengdum deginum.
9. júní	Heiðarleikar. Vorhátíð og Heiðarleikar, þar sem nemendur fara á milli þrauta á skólalóðinni. Foreldrafélagið er svo með grill og gaman að loknum leikunum.
10. júní	Skólaslit.
11. – 12.júní	Starfsdagur starfsfólk Heiðarskóla

